

## AUGLÝSING

### um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum og að fengnum tillögum frá skipulagsráði Akureyrarkaupstaðar hefur lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra ákveðið að umferðarhraði á Drottningarbraut/Eyjafjarðarbraut vestri, frá gatnamótum Miðhúsabrautar og suður fyrir Kjarnabraut verði 60 km/klst. Þaðan og suður að sveitarfélagsmörkum verði umferðarhraði 70 km/klst.

Auglýsing þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, 20. september 2017.*

**Halla Bergþóra Björnsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 5. október 2017